

From: Sandra Björgvinsdóttir

Sent: 18.12.2019 11:41:24

Subject: Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1505001

Góðan daginn

Á fundir stjórnar SSH þann 2. desember 2019 var tekið fyrir eftirfarandi mál og bókað:

Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. /málsnr. 1505001

Lögð fram fundargerð frá fundi samráðshóps um vatnsvernd- og vatnsnýtingu en fyrir lá á þeim fundi minnisblað svæðisskipulagsstjóra ásamt drögum að samkomulagi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu - viðbætur vegna fjölgun rannsóknarhola við Bláfjöll. Á fundi stjórnar 7. október sl. samþykkti stjórn að vísa umfjöllun um fjölgun rannsóknarhola til samráðshóps SSH um vatnsvernd og vatnsnýtingu, þar sem gögn málsins þ.m.t. kostnaðaráætlun verkefnisins yrðu rýnd og tillaga mótuð m.a um utnumhald og umsjón verkefnisins. Tillögurnar liggja nú fyrir.

Árið 2020 verði settur upp síriti í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins BF-03 og hafinn undirbúningur vegna borunarframkvæmda með gerð útboðsgagna og gerð akstursslóða að borstöðum.

Árin 2021 verði boraðar fjórar nýjar rannsóknarholur og settir upp síritar í þær holur og snjóframleiðsluholu.

Fyrirliggur kostnaðarmat verkfræðistofunnar Mannvits við borun og uppsetningu mælistöðva sem hljóðar upp á rétt rúmar 172 milljónir. Miðað við þá kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður árið 2020 við uppsetningu mælistöðvar í holu BF03 ásamt undirbúningi framkvæmda verði um 30 mkr. og 142 mkr. árið 2021 þegar fjórar nýjar holur verða boraðar.

Nýjar rannsóknarholur eru liður í að styrkja grunn vatnafarslíkansins sem veitufyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu viðhalda. SSH og samráðshópur um vatnsvernd- og nýtingu, mun hafa umsjón með verkefninu. Kostnaður vegna viðbótar grunnrannsókna skiptist á milli vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða fundar.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöður samráðshópsins og samþykkir að senda fyrirliggjandi tillögu að endurnýjuðum samningi milli veitnanna til veitna sveitarfélaganna til staðfestingar.

Óskað er eftir að meðfylgjandi samningur ásam fylgigögnum verði tekið til efnislegrar umföllumunar og afgreiðslu sem fyrst.

Afgreiðsla málsins óskast sent á ssh@ssh.is

Bestu kveðjur
Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9, 200 Kópavogur
sími 564-1788